

FW: Framkvæmdasjóður ferðamannastaða auglýsir eftir umsóknum um styrki fyrir árið 2026

Til : Valgerður María Þorsteinsdóttir <muggsstofa@vesturbyggd.is>
Frá : Vesturbyggð <Vesturbyggd@vesturbyggd.is>
Heiti : FW: Framkvæmdasjóður ferðamannastaða auglýsir eftir umsóknum um styrki fyrir árið 2026
Málsnúmer : 2510049
Málsaðili : Ferðamálastofa
Skráð dags : 07.10.2025 11:26:43
Höfundur : Vesturbyggð <Vesturbyggd@vesturbyggd.is>
Viðhengi : [image001.png](#)



Með kveðju,
Eygló Hreiðarsdóttir
Þjónustufulltrúi Vesturbyggðar
450-2317
Vesturbyggð
[Fyrirvari um tölvupóstinn](#)

From: Fréttir frá Ferðamálastofu - Ferðamálastofa
Sent: Tuesday, October 7, 2025 11:19 AM
To: Vesturbyggð
Subject: Framkvæmdasjóður ferðamannastaða auglýsir eftir umsóknum um styrki fyrir árið 2026

Góðan dag Vesturbyggð

Framkvæmdasjóður ferðamannastaða auglýsir hér með eftir umsóknum um styrki fyrir árið 2026.

Opnað var fyrir umsóknir í dag 7. október og umsóknarfrestur er til kl. 13 þriðjudaginn 4. nóvember 2025.

Sjóðurinn fjármagnar framkvæmdir á ferðamannastöðum og ferðamannaleiðum í eigu eða umsjón sveitarfélaga og einkaaðila.

Í úthlutuninni fyrir árið 2026 er lögð áhersla á framkvæmdir sem stuðla að bættu öryggi ferðamanna. Gæðamat sjóðsins tekur mið af þessari áherslu og eru umsækjendur hvattir til að kynna sér nýtt gæðamatsblað sjóðsins og eyðublaðið „Áhættumat framkvæmda“ [sem finna má á upplýsingasíðu um umsóknir](#).

Sjóðnum er heimilt að fjármagna framkvæmdir er snúa að:

- Öryggi ferðamanna.
- Náttúruvernd, viðhaldi og uppbyggingu ferðamannastaða og ferðamannaleiða.

- Fjármögnun undirbúnings- og hönnunarvinnu sem er nauðsynleg vegna áðurgreindra framkvæmda. Fyrirhuguðu verkefni skal í umsókn lýst svo skilmerkilega að mögulegt sé að meta styrkhæfi þess.

Sjóðnum er ekki heimilt m.a.:

- Að bera rekstrarkostnað af mannvirkjum og vegna náttúruverndarsvæða eða annarra ferðamannastaða.
- Að fjármagna framkvæmdir sem eru á landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum.
- Veita fjármagni til verkefna sem þegar er lokið.

Gæði umsókna

Umsækjendur eru hvattir til að kynna sér vel þau lög og reglur sem um sjóðinn gilda og vanda umsóknir sínar í hvívetna. Umsækjendum er bent á að kynna sér gæðaviðmið sjóðsins sbr. gæðamatsblað ásamt frekari upplýsingum um sjóðinn, skilyrði lánveitenda og umsóknarferlið.

Hvar ber að sækja um?

Umsóknum skal skilað rafrænt í gegnum island.is en [hlekkur á umsókn er á upplýsingasíðu um umsóknir](#).

Umsóknarfrestur

Umsóknartímabil er frá og með 7. október til kl. 13 þriðjudaginn 4. nóvember 2025. Umsóknir sem berast eftir þann tíma koma ekki til álita.

Nánari upplýsingar:

[Nánari upplýsingar á umsóknarsíðu](#)

[Auglýsing sem PDF](#)

[Fyrri úthlutanir](#)

[Til baka í yfirlit](#)